



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Brekkuborg

2023 – 2024



Blóm úr ræktun barnanna í Brekkuborg vorið 2023

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	4
3 Innra mat deilda	8
4 Innra mat sérkennslu.....	13
5 Innra mat – fjöltyngd börn	14
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	15
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	16
8 Foreldrasamvinna.....	17
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	17
10 Fylgigögn.....	17
10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	17
10.2. Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal Brekkuborgar 2023-2024	



Leiðarljós leikskólans: Lýðræði, virðing, vinátta.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið fór hægt af stað eins og það gerir oftast. Við náðum að fullmanna í janúar og gátum þá klárað aðlögun. Þrátt fyrir að við hefðum ekki náð að manna og ekki náð að klára að taka inn öll börnin vorum við mjög heppin með að þurfa ekki að skerða þjónustu mikið. Við getum öll verið þakklát fyrir það að geta haldið skólanum í góðu og faglegu starfi með þeim hætti sem við gerðum sem er ekki sjálfsagt.

Svala leikskólastjóri fór í 6 mánaða leyfi og tók Kristín aðstoðarleikskólastjóri við á meðan. Starf leikskólastjóra er mjög erilsamt og alls konar verkefni koma á borð hans á hverjum degi. Sumt í starfinu er fyrir séð en svo er ansi margt sem kemur óvænt upp á borð sem þarf að afgreiða strax. Fyrir mig sem hef þó mikla reynslu af leikskólamálu kom það á óvart hversu í raun annasamt starfið er. Stundum dugðu bara ekki dagarnir og því skiljanlegt að Svala ætti uppsafnað frí.

Það fór ekki framhjá neinum frosthörkurnar í vetur og kom það niður á lögnum leikskólans. Það fraus í lögnunum sem hefur ekki gerst í 30 ára sögu skólans. Við lögðumst á eitt við að halda skólanum gangandi og að það fysi ekki meira í þeim. Vinnuteymi Reykjavíkurborgar kom strax til að aðstoða okkur til að losa frostið sem tókst. Við starfsfólkið mættum svo hér til skiptis um helgar til að athuga hvort lagnirnar væru í lagi og með eljusemi tókst okkur að vinna verkið vel. Núna í sumar stendur til að endurnýja kaldvatnslagnir þannig að við ættum ekki að þurfa að standa í svona næsta vetur. Einnig á að setja hita í gólfíð á „litla kubb“. Það stendur líka til í sumarfríinu að setja upp girðingu í garðunum og skipta honum í tvennt. Þannig að það skapast meira öryggi og meiri yfirsýn þegar við erum úti.

Samvinna er það sem stendur upp úr hjá mér í vetur en það var alveg sama hvert ég leitaði það var alltaf brugðist við með jákvæðni og lausnir voru fundnar á meiri hraða en ég bjóst við. Ég er mjög þakklát mannauðsráðgjöfum, launadeildinni, Stórhöfða (sem sér um allt viðhald og viðgerðir), Hrefnu sérkennslustjóra sem var mín hægri hönd þessa 6 mánuði, og öllum þeim sem vinna hjá Reykjavíkurborg sem ég þurfti að leita til. Það mætti mér alltaf jákvæðni, virðing og gleði þegar ég þurfti á að halda og allir voru mjög lausnamiðaðir.

Starfsmenn Brekkuborgar eru fyrir mér sem gull. Það sem við erum heppin með mannauðinn. Það má sama segja með Brekkuborgar mannauðinn og starfsmenn Reykjavíkurborgar er að samvinnan stendur upp úr, hvað allir eru lausnamiðaðir og vinna vel saman að velferð og vellíðan barnanna, bara eitt orð STOLT.

Samskipti og samvinna með foreldrum er eitthvað sem er lykilatriði í velferð og vellíðan barnanna og það er svo gefandi að vera kennari og stjórnandi að sjá hversu vel allir vinna saman að koma börnunum til manns.

Mig langar bara að segja takk til ykkar allra eftir þennan kalda en góða vetur 😊 og hvað það var gott að fá Svölu okkar aftur 😊

Völuappið er okkar nýja samskiptaforrit sem er búið að taka við heimasíðunni að mestu leiti. Þar inni er hægt að sjá matseðilinn, viðburði á skóladagatali, senda skilaboð og sjá myndir. Foreldrar geta sett inn fjarvistir barna sinna sjálfir og haft samband við deildina í gegnum appið.

Helmingur starfsfólksins skrátt til Gdansk í Póllandi í námsferð í enda maí. Þau heimsóttu skóla og fengu fræðslu um starfsemi þeirra. Hinn helmingur starfsfólksins var hér heima á Fróni og heimsótti aðra skóla.

Sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri sóttu nám í HÍ í farsæld barna. Þær útskrifuðust með diplómu í júní. Þær sömu hafa einnig verið í vetur tekið þátt í þróunarverkefni um innra mat skóla í samvinnu við Austurmiðstöð.

Hjartans þakkir fyrir góðan vetur,

Kristín Auður Harðardóttir
Aðstoðarleikskólastjóri Brekkuborgar

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Haustið var þungt í starfi skólans vegna manneklu. En við reyndum að gera okkar besta og halda því sem við vorum búin að setja upp í starfsáætlun.

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
-----------------	-------------------------	--	--

Einstaklingsviðtöl	Skráning deildarstjóra á viðtölum	Starfsmenn	Nauðsynlegur þáttur í samvinnu starfsmanna en hefur ekki verið nógu markviss.
Græn skref	Á starfsmannafundum	Starfsmenn	Nánast náð
Lýðræði	Umræðumat á deildarfundum og á barnafundum	Starfsmenn og börn	Efla þarf lýðræði enn frekar, börn koma meira að vali á leikefni deildanna.
Vinátta	Á deildarfundum	Starfsmenn	Hefur aukist vináttan en við viljum efla hana enn frekar og efla virðingu samhliða.
Flæði á milli deilda	Umræður á deildarstjórafundi og deildarfundum	Deildarstjórar og aðrir starfsmenn	Flæðið var sett of ört, var of mikið að hafa það 2x í mánuði vegna annarrar starfsemi í húsinu. En hefur nýst vel þegar mannekla er í húsinu og vont veður er úti.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar	Netkönnun	Starfsmenn	Könnunin var ekki marktæk vegna ónógrar þátttöku
Foreldrakönnun	Netkönnun	Foreldrar	Brekkuborg kom vel út úr foreldrakönnun. Aðal tækifæri til umbóta er að auka upplýsingaflæði til foreldra



Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

Að fræða foreldra um hvar allar upplýsingar eru um skólann og dagatal skólans. Vala er nýtt app fyrir okkur öll og þurfum við að vera með meiri fræðslu til foreldra og starfsmanna. Munum við nota meðal annars 1.viðtöl við nýja foreldra, foreldrafundi í september og foreldraviðtöl skólaársins.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Heft	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Einstaklings viðtöl	Markvissari einstakling sviðtöl, reyndir starfsmenn fá viðtöl einu sinni á önn og nýir starfsmenn fá örrari viðtöl í byrjun	Deildarstjórari og aðstoðarleiks kólastjórari taka starfsmenn deilda í viðtöl	Deildarstjórari og aðstoðarleiks kólastjórari	Haust 2023	Vor 2024	Skráning frá einstaklings viðtölum	Að starfsmenn fá allavega viðtal við deildarstjórann sinn einu sinni á önn.
Starfsmannakönnun Reykjavíkur	Fleiri taki þátt í að svara könnuninni svo marktækar niðurstöður fáiast	Stjórnenda hópurinn hvetji starfsmenn til að svara könnuninni og gefi til þess tíma.	Stjórnenda hópurinn				Að lágmarki 80% starfsmanna svari könnunni
Uppeldis- og menntastarf							



Græn skrefin	Erum búin að innleiða skref 1 í grænu skrefum RVK nema hjólastæði og að merkja rofa til áminninga um að slökkva ljós	Umhverfisteymi merkir rofa og búíð er að senda beiðni til Stórhöfði eignir vegna hjólastæða	Umhverfisteymi Brekkuborgar	Ágúst 2023	Septembar 2023	Gátlisti Grænna skrefa	Skref 1 í Grænum skrefum innleitt
Lýðræði og sjálfstæði barna	Efla lýðræði og sjálfstæði barna enn frekar í leikskólanum	Afmælisbarn /börn dagsins fá að velja markvissara leikefni deildarinnar, passa að öll börn fái að velja bækur sem teknar eru inn á deild.	Starfsmenn og börn	Haust 2023	Vor 2024	Skráningum og umræðum við börn	Að börn verði sjálfstæðari og fái meiru ráðið í leikskólanum
Vinátta	Efla vináttu og virðingu enn frekar.	Fléttað inn í uppeldisstarfið, listar gerðir um bækur sem fjalla um vináttu, nafni á söngstund breytt í vinastund, endurvekja vinaliða sem eru eldri börn sem aðstoða yngri börn.	Allir starfsmenn, börn og foreldrar	Haust 2023	Vor 2024	Ræða saman um vináttu, lesa bækur, söngvar.	Vinátta barna aukist og virðing fyrir kennurum og börnum aukin.
Innra mat							
	Skólanámskrá	Endurskoðun og uppfærsla upplýsinga	Stjórnendateymi	Sept 2023	Maí 2024	Umræður og fundir	



3 Innra mat Brekkulind og Brekkulyng

Samvinna og verkefnavinna gekk mjög vel í vetur. Við munum halda áfram með þá umbótapætti sem við settum okkur síðastliðið ár. Stefnum á að koma þeim betur inn í skipulagið, þróa og dýpka áfram. Við munum taka út könnunarleikinn í skipulögðu starfi en komum til með að grípa í hann þegar færi gefst. Við erum með óvenju mörg tvítyngd börn á þessu ári og mikill tími hefur farið í að gefa 10 og almenna málörvun. Okkur finnst gott að vinna saman og börnin ná að tengjast betur á báðum deildum og leita til kennara á báðum deildum. Þetta hjálpar þeim þegar þau sameinast svo á eldri deild.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Áhrif barna á lagaval	Börnin komi að lagavali í samveru	Hvert barn velur 1x í viku, munnlega eða myndrænt Eftir getu hvers og eins	Deildastjóri og deildastarfsmenn	Október 2023	Máí 2024	Skráningar á Heimagerðum blöðum	Að börn verði virk og sjálfstæð í vali
Listsköpun	Vinna með hugmyndafræði Reggio í myndlist	Nýta áhugasvið barnanna og gefa meiri tíma í sjálfsprottin verkefni	Deildastjóri og Allir Deildarstarfsmenn	Haust 2023	Vor 2024	Skriflegar og Myndrænar Skráningar á ferli og þróun verka. Umræður við börnin miðað við þroska	Að Börnin þori að Sýna frumkvæði í verkefnavali
Sjálfstyrking Að láta ljós sitt skína	Að börnin þori að koma fram og tjá sig	Samverustund 1x í viku þar sem þau standa fyrir framann hópinn og syngja eða segja frá.	Deildastjóri og allir starfsmenn	Haust 2023	Vor 2024	Safna gögnum yfir önnina, bæði skriflegum og myndrænum	Að börnin láti ljós sitt skína



3.2 Innra mat Brekkulundur

Við vinnum í anda Reggio þar sem við höfum efniviðinn aðgengilegan og vinnum eftir hugmyndum barnanna. Börnin fá að koma meira að ákvörðun hvað þau vilja gera og við höfum mikinn efivið í listaskála sem þau geta valið úr. Við erum með föst þemu yfir veturinn en þau hafa sitt frjálsræði bæði í þemanu sem og að vinna

Frjáls leikur: Börnin eru orðin duglegri að velja sér félag og verkefni hafa enst lengur í leik sem þau hafa haldið áfram með þó önnur verkefni hafi komið inn í. Við erum ánægð með hvernig frjálsi leikurinn hefur þróast og verðum áfram með áherslu á hann næsta vetur. Þau hafa verið mjög dugleg og frjó í sambandi við kubbaleik og höfum við leyft þeim að dvelja við þau verkefni og þróa þau áfram.

Vettvangsferðir og hreyfing: Hreyfing í sal gekk mjög vel og hafa börnin mikinn áhuga á hreyfistundunum. Vettvangsferðir féllu aðeins niður í frostakaflanum í vetur annars fórum við frekar ört í vettvangsferðir.

Málörvun: Gekk vel í vinnu með spil og lestur og viljum við halda áfram með þau verkefni næsta vetur. Finnum við fyrir miklum framförum í samvinnu og það að læra að bíða og taka tillit hefur aukist mjög. Mjög mikill áhugi er hjá börnunum að spila, það helst vel í hendur með auknum vitsmunaproska þeirra. Þetta örvar ekki bara málproska þeirra heldur einnig örvar það samvinnu, taka tillit til annara, þolinmæði og þau þurfa að vera lausnamiðuð.

Lubba stundir: Við höfum verið með Lubbastundir einu sinni í viku og börnunum skipt í þrjá hópa. Lubbi hefur farið heim með börnunum þar sem börnin halda utan um einn sértakan staf og mynda orð með þeim staf/hljóð. Þau skrá það í bók sem fer með þeim heim og svo er afraksturinn lesinn fyrir hin börnin. Þau fá bókina heim yfir eina helgi og ná að fá hana tvisvar heim yfir veturinn hvert barn.

Rafræn ferilbók (book creator): Með því að nota rafræna ferilbók þá náum við að fylgjast betur með málproska barnanna með upptökum og teiknifærni þeirra. Börnin fá að hanna sína bók sjálf. Þetta er sérstakt app sem er hægt að nota með börnum og komum við til með að nota þetta framvegis í okkar starfi.

Við stefnum að sömu markmiðum næsta vetur.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok ið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



Vinna lianda Reggio Emilia	Börnin fáí frjálsan aðgang að efnivið inn á deild og listaskála	Listavagn sé sýnilegur inni á deild og að starfsfólk sé að hlusta á óskir barnanna	Deildarstjóri er ábyrgðar aðili og svo allir starfsmenn deildarinnar	Sept 2023	Maí 2024	Skráningar með myndum og könnunaraðferð	Börnin verði örugg og meðvituð um aðgengi efniviðar og geti nálgast hann.
Lýðræði	Aukin þátttaka barna í samverustund	Það barn sem er veðurfræðingur velur lag til að syngja saman. Erum með tvískiptar samverustundir	Deildarstjóri er ábyrgðar aðili og svo sjá allir starfsmenn deildarinnar um framkvæmd	september 2023	Maí 2024	Söfnum gögnum um þátttöku barna í samverustund	Börnin verði örugg með sitt hlutverk í samverustundum eftir skólaárið
Frjáls leikur	Útvíkka leikinn og gefa þeim rými til að þróa leikinn	Hjálpa þeim að útvíkka leikinn út frá þeirra hugmyndum og gefa þeim meiri tíma í að þróa leikinn.	Deildstjóri er ábyrgðar aðili og svo sjá allir starfsmenn deildarinnar um framkvæmd	Sept 2023	Maí 2024	Skráning og ljósmyndir úr starfi	Að börnin verði áhugasöm að útvíkka leikinn
Vettvangsferðir og hreyfing	Vera með útikennslu og hreyfingu í sal.	Skoða náttúruna og upplifa breytingar á gróðrinum eftir árstíðum. Gera skráningu eftir ferðirnar	Deildarstjóri er ábyrgðar aðili og svo sjá allir starfsmenn deildarinnar um framkvæmd	Sept 2022	Maí 2024	Skráning og ljósmyndir úr starfi	Að börnin verði meðvitaðri um náttúruna og læri að sýna henni umhyggju og virðingu.
Málörvun	Að auka orðaforða og skilning barnanna. Að börnin læri	Að nota spil bækur og ípad til kennslu (book creator)	Deildarstjóri er ábyrgðar aðili og svo sjá allir	Sept 2023	Maí 2024	Metum börnin með Trastilanum og vinnum markvisst	Að börnin séu ófeimin að tjá sig.



	stafina í nafninu sínu		starfsmenn um framkvæmd			að því að börnin eflist við að tjá sig almennt í leik og starfi.	
--	------------------------	--	-------------------------	--	--	--	--

3.3 Innra mat Brekkulaut

Elstu börnin fengu verkefnastund einu sinni í viku og gekk það alveg eftir. Við fundum fyrir miklum áhuga og framförum hjá börnunum þegar leið á veturinn. Yngri börnin fengu markvisst hópastarf og skipulagðar hreyfistundir í sal eða úti.

Vettvangsferðir héldu sér að mestu og munum við halda þeim áfram markvisst næsta vetur. Börnin upplifðu margt í vettvangsferðunum, s.s. að bera virðingu fyrir umhverfinu, æfa grófhreyfingar og að taka tillit hvers til annars og vinna saman í hóp þar sem þau lærðu að bera virðingu fyrir hvert öðru og vinna með hugmyndir hvers og eins.

Lubbi fór heim með börnunum og Lubba hljóðin voru sýnileg inn á deild á fleiri stöðum. Lubba stundirnar voru haldnar en við stefnum á að gera meira úr Lubba næsta skólaár.

Á Brekkulaut verða tveir árgangar næsta vetur og ætlum við að halda sömu markmiðum næsta skólaár þar sem við sjáum miklar framfarir í leik- og félagssamskiptum barnanna eftir verkefni síðustu vetra.

Umbætur verða nýttar, í að starfsfólk sé meðvitaðra að gefa börnunum tækifæri að þróa sig áfram í leik og starfi. Starfsfólk sé til staðar og hlusti á óskir barnanna og noti opnar spurningar svo börnin geti þróað óskir sínar og hugmyndir og þær framkvæmdar. Það sem við sjáum eftir veturinn er að yngri börnin eru farin að sýna stöfum og bókum miklu meiri áhuga. Þeim ganga betur um og bera meiri virðingu fyrir bókunum. Miklar framfarir urðu á áhuga barna í stafagerð í vetur og lestur bóka jafnt hjá yngri sem eldri. Börnin fengu mikinn áhuga á Lego og einingakubbum þar sem byggingarnar urðu þróaðri og verður unnið áfram með það.

Leikurinn hjá börnunum hefur þróast í jákvætt félagaval þar sem allir geta leikið saman og allir fá að velja sér féлага. Hlutverkaleikurinn hefur þróast og stendur lengi yfir. Það er frábært að hlusta á samskipti barnanna í hlutverkaleiknum og sjá hvernig þau leysa úr deilum sín á milli og finna lausnir þar sem allir geta verið sáttir.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Vinna í anda Reggjo stefnunnar. Könnunar – Aðferðin.	Börnin fá frjálstan aðgang að leikefni og efnivið inn á deild til skapandi leiks og hafi aðgang að	Listavagn sé sýnilegur inn á deild og starfsfólk sé meðvitað að hlusta á	Deildarstjóri. Starfsmenn deildarinnar.	Sept. 2023	Maí 2024	Skráningar með myndum og könnunaraðferð.	Börnin verði örugg og meðvit uð um



	sýnilegum efnivið í listaskála ásamt starfsmanni.	raddir barnanna. Þau velja sér féлага og saman finna þau sér leikefni og svæði til að vera á.					aðgengi efniviðar og geti nálgast hann
Hreyfing.	Stefnt er að hafa hreyfistund einu sinni í viku fyrir öll börn á deildinni. Öll börn fá vettvangsferð einu sinni í viku.	Börnunum er skipt í hópa í sal þar sem starfmaður er með börnunum í hreyfistund. vettvangsferðir nýttar í upplifun og grófhreyfingum í náttúrunni.	Deildarstjóri. Starfsmenn deildarinnar.	Sept. 2023	Mái 2024	Skráningar á þar til gerð blöð. Ljósmyndir teknar og skoðaðar. Börnin fá að tjá upplifanir sínar.	Börnin sýni gleði með aukinni getu og þoli. Starfsmenn meti hreyfi getu 2 sinnum á ári.
Læsi og bækur	Vekja áhuga barna á bókum og hafa gott aðgengi að þeim og þau fái að velja bækur með starfsmanni. Ritmál sé sýnilegt. Markmið að eldri börnin geti skrifað nafnið sitt og yngri séu að byrja að leika með stafina.	Sögustundir eru hafðar tvisvar sinnum á dag. Almenn umræða um bókina. Börnin fái að koma með bækur að heiman. Börnunum er skipt upp eftir aldri í verkefna stundir	Deildarstjóri. Starfsmenn Deildarinnar.	Sep. 2023	Mái 2024	Skráningar á þar til gerð blöð þekking á stöfum haust og vor. Skrifa nafnið sitt einu sinni í mánuði. Börnin búa til sögur frá eigin brjósti og myndskreyta.	Börnin þekki og kunna að skrifa nafnið sitt, þau læri að meta bækur og umgan gast þær.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslan fór fram bæði einstaklings og í litlum hópum. Hún fór fram í sérkennslurými og inni á deild og í öðrum rýmum leikskólans, allt eftir eðli kennslunnar. Skráning er gerð á heimagerðum blöðum út frá markmiðum og á blöðum frá Ráðgjafar og greiningarstöð.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	Við notum EFI, TRAS, AEPS, ABLLS, Orðaskil og Hljóm-2, Íslenska þroskalistann og Félagsfærniátlistann.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Ipad, allskonar spil bæði heimagerð og aðkeypt. Notum mikið Hljóðasmiðjur Lubba, Lærum og leikum og annan efnivið. Nýtum okkur Widget online til að gera námsgögn.

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Að markviss málörvun fari fram inni á deildum	Að aðstoða deildar í að framkvæma markvissa málörvun innan starfsins fyrir þau börn sem þurfa enn frekari málörvun. Vegna mönnunarvanda í haust þá hefur þetta aðeins dregist.	Sérkennslustjóri aðstoði starfsmenn deilda enn frekar í að vera með markvissa málörvun innan deilda, geri áætlun og aðstoði við framkvæmd	Sérkennslustjóri og starfsmenn deilda	Haut 2023	Vor 2024	Farið yfir skráningarblöð starfsmanna og umræða á deildarfundum	Að börnin fá meiri tíma í markvissri þjálfun og starfsfólk verði öruggar í þjálfun barna og að þjálfunin verði hluti af daglegu starfi deildanna



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Aðallega nýtt í námsgögn
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Notum Gefðu 10 á öllum deildum og skiptum starfinu niður þannig að helmingur er úti og helmingur er inni svo að það gefst meiri tími í markvissa málörvun.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Notum samverustundir og sögustundir og förum í þemavinnu þar sem orðaforði er dýpkaður. Einnig vinnum við markvisst í að dýpka orðaforða í stundunum þar sem að við skiptum börnunum niður, helmingur inni og helmingur úti.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við notum hæfniramma í íslensku til að fylgjast með framförum og skráum niður orðaforða. Gerum vikulegar áætlanir um hvað skuli vera tekið fyrir þá vikuna.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Við gerum okkar besta til að huga að öllum þáttum í gegnum starfið og reynum að virkja einstaklingana í minni hópum ef þarf.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Að málörvun verði markviss fyrir öll þau fjöltyngd börn	Að innleiða markvissa málörvun fyrir fjöltyngd börn á allar deildar	Sérkennslustjóri aðstoði deildar í að innleiða markvissa málörvun á deildum, í gegnum leik, spil og verkefnavinnu.	Deildarstjórar og sérkennslustjóri	Septem ber 2023	Maí 2024	Rætt á deildarstjórafundum og deildarfundum og farið yfir skráningarblöð og hæfnisramma í íslensku	Að fjöltyngd börn fái markvissar í málörvun á deildum í gegnum leik, spil og verkefnavinnu.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl:

Starfsþróunarsamtöl leikskólastjóra við starfsmenn voru ekki haldin á vorönn 2023 þar sem leikskólastjóri var í leyfi. Skólaárið 2023-2024 verða viðtöl í ágúst – september 2023 og svo aftur í mars 2024.

Deildarstjórar stefndu að því að taka viðtöl við sitt starfsfólk síðasta haust en vegna mannekle náðist það ekki en þeir stefna að því að ná viðtölum fyrir sumarfrí 2023. Skipulag viðtala deildarstjóra við sitt fólk verður þannig að viðtal verður tekið á haustönn 2023 og svo aftur á vorönn 2024.

Fræðsla:

- Sérkennslustjóri tók þátt í Lærdómssamfélagi sérkennslustjóra og fræðslu tengiliða fjölmenningar á vegum SFS.
- Sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru í diplómanám við HÍ á haustönn 2022 og vorönn 2023, farsæld barna.
- 1 starfsmaður var í meistaranámi við HÍ í leikskólakennarafræðum.
- Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri tóku þátt í þróunarverkefni um innra mat á vegum Austurmiðstöðvar.
- 3 starfsmenn sátu námskeiðið Lubbi í leikskólastarfi haustönn 2022.
- Allir starfsmenn fóru á Skyndihjálparnámskeið á skipulagsdegi.
- 2 starfsmenn fóru á EFI námskeið í desember 2022.
- 3 starfsmenn sátu fyrirlestur um sorg á vegum BOFS.
- Aðstoðarleikskólastjóri sat SES (Samvinna eftir skilnað) fyrirlestur vorönn 2023.
- Deildarstjórar sátu námskeiðið Leiðtogi framtíðarinnar á vegum SFS á haustönn 2022 og vorönn 2023.
- Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri sátu námskeið um nýju Farsældarlögin á vegum SFS á vorönn 2023.
- 4 starfsmenn fóru á ECCERA ráðstefnu í Glasgow haustönn 2022.
- Trúnaðarmaður Eflingar sat mánaðarleg námskeið á vegum Eflingar, haustönn 2022 og vorönn 2023.
- Hluti starfsmanna fór í námsferð til Póllands maí 2023.

Áætluð fræðsla 2023-2024:

- 1 starfsmaður stefnir á að klára mastersritgerð í leikskólakennarafræðum haustið 2023.
- 1 starfsmaður heldur áfram í meistaranámi í leikskólakennarafræðum haustönn 2023 og vorönn 2024.
- 2 starfsmenn stefna á að fara á EFI réttindanámskeið.
- 1 starfsmaður stefnir á að taka TRAS réttindanámskeið.
- Einn starfsmaður ætlar í mastersnám í kennslu samfélagsgreina
- Einn starfsmaður stefnir á grunnnám í leikskólakennarafræðum.



Starfsmenn Brekkuborgar eru mjög duglegir að leita sér fræðslu þegar góð fræðslutilboð bjóðast. Fræðslutorgið kemur sterkt inn í því sambandi – frábært framtak.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Húsaskóli, Kastali (frístund) og Brekkuborg hafa verið í góðu samstarfi í gegnum árin og hafa verið gagnkvæmar heimsóknir á milli starfsstaðanna. Ekki náðist að setja niður skipulag fyrir skólaárið 2023-2024 í júní 2023 en það verður gert í byrjun september 2023.

Hér er skipulag síðasta skólaárs – skipulag næsta skólaárs mun taka mið af því.

Samstarf Brekkuborgar og Húsaskóla 2022-2023			
Mánuður	Dags	Tími	Viðburður
Október 2022	5.	09:50	Brekkuborg kemur í frímínútur í Húsaskóla
	10.	14:00	1.bekkja kennari og íþróttakennari Húsaskóla koma á Brekkuborg á samráðsfund. Staða 2016 hópsins og áherslur skólaársins 2022-2023
	13.	10:20	1.bekkur kemur í heimsókn í Brekkuborg. Ávextir í boði
Nóvember 2022	8.	10:20	Brekkuborg í ratleik í Húsaskóla
	14.	10:10	Brekkuborg í spilastund með 1.bekk í Húsaskóla
	16.	09:00	7.bekkur í heimsókn á Brekkuborg og les fyrir leikskólabörnin
Desember 2022	14.	10:10	Jólastund Brekkuborgar og 1.bekks í Húsaskóla. Brekkuborg með heilgileik og Húsaskóli með atriði. Veitingar BB með smákökur og Húsaskóli með safu og mandarínur. Foreldrum boðið að koma
Janúar 2023	18.	09:10	Brekkuborg í íþróttatíma með 1.bekk
Febrúar 2023	9.	10:10	1.bekkur í heimsókn á Brekkuborg
	27.	10:10	4-5 barna hópur af Brekkuborg í heimsókn til 1.bekkjar, 2 kennslustundir, frímínútur og matur.
Mars 2023	6.	10:10	4-5 barna hópur af Brekkuborg í heimsókn til 1.bekkjar, 2 kennslustundir, frímínútur og matur.
	7.	10:10	Brekkuborg í heimsókn til skólastjóra og í Kastala
	13.	10:10	4-5 barna hópur af Brekkuborg í heimsókn til 1.bekkjar, 2 kennslustundir, frímínútur og matur.
Apríl 2023	12.	14:00	Brekkuborg fer í Kastala - leikur og kaffitími
Maí 2023	22.	14:10	Skilafundur í Húsaskóla vegna barna fædd 2017
	24.		Vorhátíð Húsaskóla
	25.	8:30-9:50	Tilvonandi nemendum Húsaskóla boðið ásamt foreldrum sínum í skólaheimsókn
Júní 2023	8.	14:00	Skipulagsfundur í Húsaskóla fyrir starfsárið 2023-2024

8 Foreldrasamvinna

Tveir foreldrafundir voru haldnir í september 2022

Boðið er upp á að lágmarki tvö foreldraviðtöl á ári. Á haustönn bjóðum við að taka símaviðtöl ef foreldrar vilja en á vorönn eru viðtölin í leikskólanum. Foreldrar geta alltaf fengið viðtöl við deildarstjóra eftir þörfum.

Kaffidagar eru amk fjórum sinnum á ári og er þá aðstandendum boðið í leikskólann– ömmu og afakaffi er á degi íslenskrar tungu 16.nóvember, Þorakaffi er á bóndadegi og Góukaffi er í Góu byrjun. Opið hús er síðan á vormánuðum.

Aðallega fer foreldrasamvinnan fram í daglegum samskiptum. Í Völuappinu eru upplýsingar um matseðil og viðburði á döfinni ásamt því að starfsmenn yngri deilda skrá svefn og matarlyst barnanna daglega. Deildarstjórar senda fréttakorn af deildarstarfinu vikulega í tölvupósti.

Foreldraráð er starfandi við skólann. Kosið er í foreldraráðið á foreldrafundum í september.

Foreldrafélagið Eik er starfandi við skólann. Foreldrafélagið er virkt í starfi skólans og kemur t.d. að skipulagi og fjármögnunar fyrir jólaballið, fjármögnun hádegisverðar í útskriftarferð elsta árgangsins og sumarhátíð sem haldin var 16.júní síðastliðinn. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins á foreldrafundum í september

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Föstudagurinn 25.ágúst 2023

Mánudagurinn 16.október 2023

Föstudagurinn 24.nóvember 2023 – sameiginlegur í Grafarvogi

Þriðjudagurinn 6.febrúar 2024 – sameiginlegur í Grafarvogi

Mánudagurinn 15.apríl 2024

Föstudagurinn 17.maí 2024 – sameiginlegur í Reykjavík

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

10.2 Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal

F. h. leikskólans Brekkuborgar

Svala Ingvarsdóttir

28.6.2023

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Starfsáætlun 2023 – 2024 Brekuborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Agnes Ísleifsdóttir

Harpa Guðmundsdóttir - formaður

Jóhanna Gísladóttir

Kristján Gísli Stefánsson

Sólveig Daðadóttir - ritari

Pórdís Adda Haraldsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlun Brekkuborgar er vel framsett. Góða umfjöllun er að finna um starf síðasta árs. Niðurstöður innra mats liggur fyrir og matsáætlanir unnar út frá þeim niðurstöðum. Foreldraráð samþykkir starfsáætlun og skóladagatal leikskólans fyrir árið 2023-2024 en fyrirkomulag sumarlokunar fyrir árið 2024 verður ákveðið veturinn 2023-2024 í samráði við foreldraráð.

Sérstakt hrós frá foreldraráði til stjórnenda og starfsfólks Brekkuborgar fyrir að leysa vel úr málum og halda foreldrum vel upplýstum í tengslum við starfsmannaeklu og fyrir jákvætt viðhorf og sveigjanleika. Það er auðséð að börnum leikskólans líður mjög vel í leikskólanum. Það er von



foreldraráðs Brekkuborgar að plön starfsársins 2023-2024 megi ganga sem best eftir og að foreldrasamstarf og samstarf milli deilda megi blómstra og börnin með.



Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: **Brekkuborg**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ Sumarlökun	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M
2 M Sumarlökun	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ
3 F Sumarlökun	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F Sumarlökun	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L	6 Þ	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M	16 L	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 M	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 M	22 S	22 M	22 L	22 M
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 M	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 F		31 Þ		31 S	31 M		31 S		31 F		31 M

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dwellja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka